

Reykjavík 10.mars 2023

Framtíð Vinjar

Það er hlutverk stjórnvalda, bæði ríkis og sveitarfélaga, að þegnum þeirra líði eins vel og kostur er.

Málefni fatlaðra er lögbundið hlutverk sveitarfélaga.

Sá hópur fatlaðra sem mest er jaðarsettur eru geðfatlaðir með geðrofssjúkdóma, geðklofa og geðhvörf. Það eru einmitt þau sem eru með þessi veikindi sem sækja Vin.

Sá sem þetta skrifar var greindur með geðklofa haustið 1970 aðeins 16 ára gamall, en hefur aðeins tvisvar þurft á innlögn að halda og er það ekki síst Vin að þakka.

Þeirri gríðarlegu vanlíðan sem fylgir geðrofi er vel lýst í kvikmynd Friðriks Þórs Friðrikssonar, „Englar alheimsins“ og leikur þar tónlist Hilmars Arnar Hilmarssonar stórt hlutverk.

Það yrði stórslys ef Vin yrði lokað og legg ég til að fallið verði frá þeim áformum og staðurinn rekinn áfram í óbreyttri mynd.

Garðar Sölvi Helgason